

**Nd.**

**611. Breytingartillögur**

**[3. mál]**

við frv. til l. um Hagrannsóknastofnun og breyt. á l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen, Gylfa Þ. Gíslasyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Ásberg Sigurðssyni.

1. Við 1. gr.
  - a. Í stað orðsins „ríkisstjórninni“ í fyrri málgr. komi: ríkisstjórn og Alþingi.
  - b. Í stað orðsins „Hagrannsóknastofnun“ í síðari málgr. og hvarvetna í öðrum greinum frumvarpsins komi: Þjóðhagsstofnun.
  - c. Aftan við síðari málgr. bætist: er nefnist hagrannsóknastjóri.
2. Við 2. gr. Á eftir 4. tölul. komi nýr töluliður:
  - 5) Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
3. Við fyrirsögn. Í stað orðsins „Hagrannsóknastofnun“ komi: Þjóðhagsstofnun.